

25. maí 2012

Vordagar í Sunnulækjarskóla

Kæru foreldrar og forráðamenn

Nú líður að vori og skipulag vordaganna okkar að taka á sig mynd. Námsmat er í fullum gangi, kennarar að leggja mat á vinnu nemenda og nemendur að leggja sig fram um að vinna ýmiss konar matsverkefni. Í unglingsdeildinni verða sérstakir prófdagar þar sem nemendur mæta til skóla í próftöku og mega fara heim að loknu prófi. Í 8. og 9. bekk verða þrír slíkir dagar en fjórir í 10. bekk. Próftöflur vegna þeirra daga hafa þegar verið afhentar og sendar foreldrum.

Starfsdagur

4. júní er starfsdagur vegna frágangs námsmats og nemendur mæta því ekki í skólann þann dag.

Vordagar

Dagana 5. og 6. júní ætlum við að hafa sérstaka vordaga í Sunnulækjarskóla. Fyrri dagurinn er skipulagður sem sérstakur bekkja- eða árgangadagur þar sem kennarar skipuleggja frágang, gönguferðir, gróðursetningu eða annað álíka.

Seinni daginn, 6. júní, verður “*Litríki vordagurinn*” endurtekinn. Sá dagur einkennist af samvinnu alls skólasamfélagsins, nemenda, starfsmanna og foreldra. Við óskum sérstaklega eftir þátttöku foreldra þennan dag og biðjum þá að mæta með börnum sínum og taka þátt í deginum. Megin atriði þessa dags er 500 manna skrudganga um nágrenni skólans sem leggur af stað frá skólanum kl. 8:50 um morguninn og síðan leikir og skemmtun eftir frímínútur og endað með grilluðum pylsum í hádeginu.

Útskrift 10. bekkjar

Útskrift 10. bekkja verður síðan kl. 17:00 sama dag, 6. júní. Foreldrum útskriftarnema verða sendar frekari upplýsingar varðandi útskriftina þegar nær dregur. Við hvetjum foreldra til að koma með börnum sínum á útskriftina.

Skólaslit

Skólaslit verða 7. júní. Athöfnin verður í tvennu lagi:

1. – 4. bekk mætir kl. 9:00
5. – 9. bekk mætri kl. 10:00.

Við hvetjum foreldra til að koma með börnum sínum á skólaslitin.

Kveðja,
Birgir